Marbendill

Fréttabréf Sjálandsskóla 6. tbl. des 2005

1. desember

Fullveldishátíð var haldin í Sjálandsskóla. Það voru nokkrir nemendur í 5.-6. bekk sem sögðu okkur frá því. Fjallað var um íslenska fánann en hann var dreginn að húni í fyrsta skipti 1. des. 1918. Kötlugos, frostaveturinn mikli og spænska veikin voru einnig árið 1918. Þá var sagt frá því hvernig börn léku sér á þessum tíma. 4 nemendur spiluðu á básúnur og trompet og síðan sungu allir nokkur ættjarðarlög. Sigurður umsjónarmaður kynnti meðferð íslenska fánans fyrir elstu nemendurna, 3.-4. bekkur fékk fræðslu um skjaldarmerkið og 1.-2. bekkur unnu verkefni um liti þjóðfánans.

Jólaþema

Þessa dagana vinna nemendur að fjölbreyttum verkefnum tengdum jólum og jólahaldi. Miðvikudaginn 7. des, föstudaginn 9., þriðjudaginn 13. og föstudaginn 16. vinna nemendur í aldursblönduðum hópum að verkefnum fyrir skólann. Nemendur völdu sér fjögur af eftirtöldum verkefnum: Mála jólamyndir í glugga, mála jólamynd á glerbút með glerlitum sem síðan er hengur upp í glugga, mála jólasveina og engla til að hengja upp í loft, spila og syngja jólalag sem tekið eru upp og gefið út á “geisladisk” (sett á heimasíðuna), baka smákökur sem verða borðaðar í kirkjuferð, búa til jólakort í tölvu, búa til jólapoka á jólatréð, þæfa ullarkúlur og kramhús og setja á jólatréð, búa til konfekt sem er borðað á jólaskemmtun og gera kerti sem verða tendruð á jólaskemmtun.

Jólamorgunsöngur

Í desember er skipt um söngskrá og syngja nemendur jólalög á hverjum degi.

Ragnheiður Gröndal, 16. desember

Ragnheiður Gröndal mun syngja fyrir nemendur Sjálandsskóla föstudaginn 16.desember við undirleik Hauks bróður síns. Tónleikarnir hefjast kl. 8:25 og eru foreldrar boðnir velkomnir.

Ófétabörnin, heimsókn rithöfundar 19. desember

Mánudaginn 19. desember mun Rúna K. Tetzschner lesa úr bók sinni, *Ófétabörnin* fyrir nemendur 1.-4. bekkjar. Sagan fjallar um ófétin litlu sem búa í blómum og fljúga á fiðrildum. Þau minna á blómálfa en í vængja stað hafa þau krækiklær! Gullinhærðu og svarthærðu ófétin eru alltaf að rífast og slást en börnin komast að því að það er enginn munur á þeim nema háraliturinn. Þau ákveða að vera vinir og gerast boðberar friðar meðal óféta. Upplesturinn hefst eftir morgunsöng og eru foreldrar boðnir velkomnir.

Kirkjuferð, mánudaginn 19. desember

Mánudaginn 19. desember munu allir nemendur skólans fara saman í kirkjuferð út í Garðakirkju. Séra Jóna Hrönn Bolladóttir mun vera með okkur og nemendur úr 5. bekk sýna helgileik. Að kirkjuferð lokinni fara nemendur út í Garðaholt og fá heitt kakó og piparkökur sem hafa verið bakaðar í skólanum. Að öðru leiti er dagurinn samkvæmt stundaskrá.

Jólaskemmtund, þriðjudaginn 20. desember

Dagurinn hefst á hefðbundnum tíma. Að loknum söng munu nemendur sýna skemmtiatriði, þá verður dansað í kringum jólatré og að lokum munu nemendur eiga stund með umsjónarhópnum sínum, borða jólakonfekt, hlusta á jólasögu og njóta samveru fyrir jólin. Skóladeginum lýkur kl. 12. Tómstundaheimilið verður opið fyrir þá sem eru á skrá á þriðjudögum frá kl. 12.

Jólaleyfi

Jólaleyfi hefst miðvikudaginn 21. desember og stendur til 2. janúar. Skipulagsdagur verður þriðjudaginn 3. janúar. Skólastarf hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 4. janúar.

Tómstundaheimilið í jólaleyfi

Eins og áður hefur verið auglýst verða tómstundaheimili grunnskóla Garðabæjar með eina starfsstöð opna í jólaleyfi (Flataskóla), 21. – 23. desember, 27. – 30. desember og 2. janúar. Umsóknarfrestur rann út 7. desember.

Þrettándinn

Foreldrafélagið stefnir að því að fjölmenna á þrettándabrennu skátafélagsins Vífils í Heiðmörk. Það er einstök upplifun að vera við brennu fjarri borgarljósum, upplifa flugeldasýningu Hjálparsveitar skáta í Garðabæ og drekka alvöru skátakakó. Dagskráin verður nánar auglýst síðar.

Heimaþing

Síðastliðnar vikur hafa allir nemendur skólans og starfsmenn haldið fundi um samskiptin í skólanum og líðan nemenda. Fundirnir hafa farið þannig fram að allur hópurinn hefur setið saman í hring inni í hreyfirými og nemendur og starfsmenn sagt frá reynslu sinni og líðan. Markmið þessara funda er að nemendur þjálfist í að tjá sig á málaefnlegan hátt í stórum hópi, hlusta á aðra, læra að taka tillit til skoðana annarra og upplifa lýðræðislega samkennd. Alls voru haldnir fimm fundir og tóku flestir nemendur til máls. Þó að reynslan hafi verið mörgum erfið og jafnvel fundist þetta tóm tímaeyðsla má draga þá ályktun af þessum fundum að samskipti og tjáskiptin í skólanum hafi eflst enn frekar.

Skautaferðir

Allir nemendur skólans hafa á liðnum dögum farið í skautaferð með umsjónarkennurum og íþróttakennara.

Óskilamunir

Foreldrar eru hvattir til þess að minna börnin á að taka föt með sér á föstudögum úr skógeymslu og fatahengi svo hægt sé að ganga frá óskilamunum og þrífa.